

## Siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Seltjarnarnesbæ

### 1. *Markmið og skilgreining*

Samkvæmt 29. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að setja sér siðareglur sem sem ná til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar.

Markmið þessara reglna er að skilgreina það háttarni sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar. Með kjörnum fulltrúum er átt við bæjarfulltrúa (aðal- og varamenn) sem og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Seltjarnarnesbæjar.

### 2. *Meginskyldur kjörinna fulltrúa*

Kjörnir fulltrúar fara með embætti samkvæmt lögum og eru bundnir því að fylgja ávallt reglum og samþykktum Seltjarnarnesbæjar og sannfæringu sinni í störfum sínum. Kjörnum fulltrúum ber að sinna starfi sínu af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarins. Kjörnir fulltrúar skulu ávallt hafa í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnarsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórn Seltjarnarnesbæjar. Þeir skulu þjóna almannahagsmunum en ekki beinum eða óbeinum persónulegum hagsmunum sínum eða einkahagsmunum einstaklinga eða hópa. Kjörnir fulltrúar mega hvorki hvetja né aðstoða aðra kjörna fulltrúa né starfsmenn við að brjóta þær meginreglur sem hér eru settar fram.

Kjörnir fulltrúar skulu fara að öllum gildandi reglum sem takmarka það að þeir gegni samtímis tveimur eða fleiri stöðum. Þá skulu þeir ekki heldur gegna störfum, taka við kjörnu umboði, starfi eða opinberri stöðu sem felur í sér eftirlit með þeirra eigin starfi sem kjörnum fulltrúum eða starfi sem þeim sem kjörnum fulltrúum er ætlað að hafa eftirlit með.

### 3. *Trúnaður*

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einkahagsmuna eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls hverju sinni. Trúnað ber að halda áfram eftir að fulltrúarnir hafa látið af störfum.

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Seltjarnarnesbæjar sem og um innihald skjala eða annarra gagna er þeir fá aðgang að starfsins vegna og trúnaður skal ríkja um.

### 4. *Valdmörk*

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Seltjarnarnesbæjar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa bæjarins virðingu.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki beita valdheimildum sínum til að veita sjálfum sér persónulegan ávinning, á beinan eða óbeinan hátt, eða veita einstaklingi eða öðrum ávinning í því skyni að geta notið á beinan eða óbeinan hátt persónulegra hagsbóta af því.

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn, sem tryggja réttmæta meðferð á almannafé, eins og skilgreint er í landslögum. Kjörnir fulltrúar skulu ekki gera neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé og/eða styrkjum. Þeir skulu ekki gera neitt sem gæti leitt til þess að almannafé og/eða styrkir séu notaðir í eigin þágu, beint eða óbeint.

5. *Að virða hlutverk starfsmanna*

Kjörnir fulltrúar skulu í störfum sínum virða hlutverk starfsmanna Seltjarnarnesbæjar. Þeir mega ekki hlutast til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörna fulltrúanum á beinan eða óbeinan hátt til hagsmunalegs ávinnings, né heldur aðila nátingdum honum eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum.

6. *Hagsmunaárekstrar.*

Kjörnir fulltrúar skulu forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á ef hætta er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörinna fulltrúa að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum. Um mat á hæfi kjörinna fulltrúa fer eftir hæfisreglum sveitarstjórnarlaga, stjórnsýslulaga, gildandi erindisbréfa og bæjarmálasamþykkt Seltjarnarnesbæjar.

Fjárhags- og stjórnsýsluvið heldur skrá, og birtir opinberlega, um fjárhagslega hagsmuni bæjarfulltrúa, svo og um trúnaðarstörf þeirra utan bæjarstjórnar í samræmi við reglur þar um (sjá meðfylgjandi reglur).

7. *Ábyrgð í fjármálum*

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé íbúa sveitarfélagsins. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé svo sem einkanotkun á byggingum bæjarins, bílum, tækjum og tólum nema slík notkun falli undir heimildir sem ákveðnar eru af bæjarstjórn.

8. *Gjafir og fríðindi*

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu eða fyrirgreiðslu Seltjarnarnesbæjar nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Bæjarfulltrúar skulu tilkynna sviðsstjóra fjármálasviðs um allar gjafir sem þeir þiggja vegna stöðu eða starfa sinna í samræmi við reglur sem bæjarstjórn setur. Í störfum sínum skulu kjörnir fulltrúar forðast alla hegðun sem gæti talist fela í sér að veita eða þiggja óeðlilega fyrirgreiðslu eða mútur.

*9. Stöðuveitingar*

Kjörnum fulltrúum ber að gæta þess að einstaklingum sé ekki veitt staða af öðrum ástæðum en viðurkenningu á hæfileikum og faglegri hæfni eða af öðrum ástæðum en þörfum Seltjarnarnesbæjar.

*10. Bann við að tryggja sér stöður*

Kjörnir fulltrúar skulu ekki viðhafa neitt í störfum sínum sem hefur það að markmiði að tryggja þeim starfslegan ávinning í framtíðinni, til dæmis í;

- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa haft eftirlit með í störfum sínum,
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem þeir hafa stofnað til samningssambands við í störfum sínum,
- opinberri stofnun eða einkafyrirtæki sem sett var á laggirnar meðan þeir gengdu embætti og samkvæmt því ákvörðunarvaldi sem þeim var falið.

*11. Jafnræði*

Kjörnir fulltrúar gæta þess að mismuna engum á grundvelli þjóðernis, kynferðis, kynhneigðar, fötlunar, kynþáttar, trúarbragða, aldurs, stjórnmálaskoðana eða þjóðfélagsstöðu.

*12. Upplýsingagjöf*

Kjörnir fulltrúar skulu svara af kostgæfni öllum fyrirspurnum almennings um framkvæmd starfa þeirra, rökstuðning fyrir aðgerðum, eða starfsemi þjónustu og sviða sem fulltrúinn ber ábyrgð á. Kjörnir fulltrúar skulu rökstyðja allar ákvarðanir sínar nákvæmlega og tilgreina alla þætti sem ákvörðunin byggist á sérstaklega með vísun til viðkomandi laga og reglna og sýna hvernig ákvörðunin samræmist þeim.

Kjörnir fulltrúar skulu bregðast við beiðnum fjölmiðla um upplýsingar varðandi framkvæmd starfa þeirra af kostgæfni, heiðarleika og til fullnustu en þeir eiga ekki að veita neinar trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar sem varða einkalíf annarra kjörinna fulltrúa eða þriðja aðila.

*13. Persónuvernd og upplýsingaöryggi*

Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að persónuupplýsingar séu unnar í samræmi við persónuverndar- og upplýsingaöryggisstefnu Seltjarnarnesbæjar sem og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Þeir skulu ætíð viðhafa fyllstu aðgæslu við meðferð persónuupplýsinga, hvort sem þær eru á pappír eða rafrænu formi. Gæta skal að því að slíkar upplýsingar komist ekki í hendur óviðkomandi aðila og að þær séu ekki geymdar eða látnar liggja þar sem slík hætta getur skapast.

Kjörnir fulltrúar skulu ekki hagnýta persónuupplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem ætlast var til þegar þeirra var aflað, nema að heimildar til annars hafi verið aflað hjá viðkomandi einstaklingi.



SELTJARNARNESBÆR

#### 14. Kosningar

Kosningabaráttá skal vera háð með því markmiði að veita upplýsingar og skýringar á pólitískum stefnumálum sem frambjóðendur hyggjast vinna að. Frambjóðendur skulu ekki reyna að tryggja sér atkvæði með öðrum hætti en rökföstum sannfæringarkrafti og umræðum.

Frambjóðendur skulu halda útgjöldum sínum til kosningabaráttu innan hóflegra og skynsamlegra marka. Frambjóðendum ber að fylgja af kostgæfni öllum ákvæðum í lögum og gildandi reglum sem krefjast þess að uppruni fjárhæða framlaga til kosningabaráttu ásamt eðli og fjárhæðum útgjalda séu gerð opinber.

#### 15. Miðlun

Kjörnum fulltrúum ber að lesa og kynna sér ákvæði þessara siðareglna og þeirra laga og reglna sem vísað er til. Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér þessar siðareglur og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þær að leiðarljósi og staðfesti þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki bæjarins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu bæjarins og á annan þann hátt sem bæjarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

#### 16. Málsmeðferð vegna ætlaðs brots

Bæjarráð sker úr um hvort siðareglur þessar hafi verið brotnar. Leiki grunur á að kjörinn fulltrúi hafi brotið ákvæði reglnanna tekur bæjarráð málið til umfjöllunar, að eigin frumkvæði eða á grundvelli skriflegrar rökstuddrar ábendingar. Niðurstaða bæjarráðs skal kynnt á fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar. Telji ráðið að um brot sé að ræða getur hún lagt til að forseti bæjarstjórnar ávíti viðkomandi vegna brotsins.

#### 17. Gildistaka og endurskoðun

Reglurnar taka gildi frá og með staðfestingu ráðherra skv. 1. mgr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og skulu endurskoðaðar a.m.k. einu sinni á kjörtímabili.

Samþykkt á 918. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 11. nóvember 2020.

Með staðfestingu ráðherra á reglunum falla úr gildi eldri siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Seltjarnarnesbæ sem samþykktar voru á 422. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 12. maí 2010.

Seltjarnarnesi 11. nóvember 2020

  
Ásgerður Halldórsdóttir



Staðfesting ráðherra  
dags.

  
Guðmundur P. Guðmundsson

